

10. gr.

Áfengisvarnanefndum og framkvæmdastjórum þeirra ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál manna, er þessir aðiljar komast að í starfi sínu.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. október 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

20. október 1982.

Nr. 596.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt) er heimilt í landi kaupstaðarins að fengnu sérstöku leyfi og með skilmálum sem bæjarráð setur.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda skriflega umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárens, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og hirðingu.

Allir þeir sem eru með búfé við gildistöku þessarar reglugerðar skulu sækja um leyfi samkvæmt 1. mgr.

3. gr.

Nú telur bæjarráð að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og skal þá veita leyfið. Má veita það til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar svo og takmarka leyfið að því er snertir fjölda hvernar tegundar eða binda það við tiltekin svæði innan bæjarlandsins.

Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust og einnig getur það varðað sektum.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar og samþykkt þessi tekur til þess skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því.

Búfénaður má ekki ganga laus um götur bæjarins né annars staðar innan lögsagnarumdæmisins nema maður fylgi til að gæta þess eða það sé í öruggri vörslu. Ef út af er brugðið varðar það sektum. Ennfremur greiði eigandi allan kostnað við handsömun og varðveislu þess.

Selja má búféð til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki. Salan skal fara fram innan þeirra tímamarka og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í reglugerð um fjallskil fyrir Hafnarfjörð og Gullbringusýslu.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir veitt leyfi. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfið er veitt fyrir eða ákveða upphæð fyrir hvert leyfi samkvæmt lögum.

Gjaldi þessu sé varið til vörslu bæjarlandsins.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kaupsýslum, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Hafnarfirði nr. 199 frá 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1982.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 510/1975.

1. gr.

2. gr. staflíður b. orðist svo:

Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið er ákveðið fyrir eitt ár í senn í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Hundar sem notaðir eru við búrekstur og á lögbýlum svo og leiðsöguhundar fatlaðra eru undanþegnir þessu gjaldi.

2. gr.

Ný gr. er verði 3. gr. orðist svo:

Lögreglustjórnin í Hveragerði og heilbrigðisnefnd Hveragerðis hafa eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar og skulu tilkynna hreppsnefnd Hveragerðishrepps um öll brot á samþykktinni.

3. gr.

Ofangreind samþykkt Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 57/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.